Ný bók um Kjarval dregur upp nýja og ítarlega mynd af listamanninum

Kjarval var stærstur og mestur

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

„ÞETTA eru rúm fimm kíló af glæsilegum listferli," segir Einar Matthíasson bókaútgefandi stoltur, um leið og hann rífur varlega plastið utan af glænýrri og afar veglegri bók um Jóhannes Kjarval listmálara, til að sýna blaðamanni. Einar, og eiginkona hans, Erna Sörensen, eru eigendur Nesútgáfunnar, sem stendur að þessu viðamikla verki.

„Bókin um Kjarval er 640 síður og í henni eru 516 myndverk Kjarvals, 150 ljósmyndir og höfundar eru margir og góðir," segir Einar. Meginuppistaða bókarinnar er úttekt á listferli Kjarvals, skráð af Kristínu Guðnadóttur listfræðingi og safnstjóra á Listasafni ASÍ, en Kristín hefur um árabil unnið að rannsóknum á verkum Kjarvals. Gylfi Gíslason myndlistarmaður skrifar um teiknarann Kjarval, Arthur C. Danto listfræðingur um Kjarval og sköpun íslenskrar vitundar. Matthías Johannessen rifjar upp kynni sín af Kjarval í grein sem hann kallar: Veizla í klettinum; Silja Aðalsteinsdóttir ritstjóri skrifar um goðsögnina og manninn Kjarval og loks er ítarlegur æviannáll og skrár af ýmsum toga í ritstjórn Eiríks Þorlákssonar listfræðings.


Óhætt er að fullyrða að fáar bækur íslenskar jafnist á við Kjarvalsbókina að vexti og burði, en Erna og Einar gera lítið úr því að verkið hafi verið erfitt þótt umfang þess bendi til þess að þar hafi verið mörg fjöll að klífa. „Einar sagði nú einhvern tíma að þetta hefði runnið eins og lækur," segir Erna, „en auðvitað hefur skipulagning verksins verið heilmikið mál. Við vorum þó einstaklega heppin með samstarfsfólk, bæði þá sem skrifa í bókina, og líka alla aðra. Fólk sem við höfum leitað til hefur verið ákaflega kappsamt og jákvætt, og það hefur ekki verið neitt smámál. Þetta er mikið verk og höfundarnir eiga heiðurinn af því sem þar er skrifað."

„Ég vil svara því með gríni hvað hefur verið erfiðast," bætir Einar við. „Undanfarnar vikur hef ég stundum sagt að það hafi verið fleiri ljón í veginum en Peugeot-bílar á Íslandi, og það er að mörgu leyti rétt, því allt til enda eru vandamál að leysa. Ein mynd var sögð vera í Ástralíu og önnur á Hertogasafninu í Edinborg og henni þurfti að koma til London til ljósmyndunar, og svona mætti endalaust telja. En allt verða þetta smá mál þegar afurðin liggur fyrir og við sjáum að vel hefur tekist til," segir Einar, og Erna bætir því við að slíkir hlutir gleymist fljótt þegar verkið er í höfn. Hún kveðst vonast til að bókin lifi og verði arfur til komandi kynslóða. „Ég vona að æska landsins geti nú fengið að njóta Kjarvals betur, því ég held að hann hafi gleymst um tíma hjá yngra fólki. Vonandi tekst þeim nú að endurmeta Kjarval og list hans að ná til þeirra."



Ljósmynd Ólafur Magnússon

„Það er ótrúlegt, að hér var hann staddur, í hinu nyrsta norðri, og nær svona langt. Það segir sig sjálft að til þess þurfti bæði einbeitingu og óhemju viljastyrk."



Morgunblaðið/Ásdís

Erna Sörensen og Einar Matthíasson skoða Kjarval.

Kostnaður við bókina hleypur á tugum milljóna að sögn Einars og Ernu. „Margir hafa hjálpað okkur á þeirri vegferð. Án þess stuðnings værum við ekki hér nú."

Árangur áralangra rannsókna

Nú eru rúm þrjátíu ár frá því að Kjarval lést. Einar bendir á að frá þeim tíma hafi verið unnar viðamiklar rannsóknir á verkunum sjálfum, ekki síst síðustu ár, eftir að Kristín Guðnadóttir hóf sína rannsóknavinnu á Kjarval. „Þessi bók er að stórum hluta árangur þeirrar vinnu og afrakstur. Við erum líka fegin því að það réðst enginn í þetta verk um 1985 þegar Kjarval hefði orðið 100 ára, því síðan þá hefur öll tækni í kringum útgáfu af þessum toga gjörbreyst. Prentverk og myndvinnsla hefur batnað stórum frá þeim tíma og gefur þeim hluta verksins aukið gildi."

Grunnhugmyndin að bókinni um Kjarval var að sögn Einars að safna saman á einn stað sem heildstæðustu yfirliti um feril hans. „Margt hefur verið skrifað um Kjarval áður, en þetta er í fyrsta sinn sem sniðinn er nógu stór stakkur að hægt sé að gera honum viðhlítandi skil. Við höfum þó líka sagt að Kjarval verði ekki gerð skil með einni bók, jafnvel þó hún sé stór. Þetta er því kannski stórt skref í áttina að því að Kjarval verði rannsakaður enn frekar," segir Einar.

Fyrir um sex árum gaf Nesútgáfan út listaverkabók um Louisu Matthíasdóttur. Eftir að því verki lauk fæddist hugmynd að því að gera Kjarval góð skil á prenti.

Erna segir að Kjarval hafi orðið fyrir valinu, einfaldlega vegna þess að hann hafi verið stærstur og mestur. „Okkur fannst að honum hefði ekki verið gerð þau skil sem hann ætti skilið. Ef til vill var þetta brjálæðisleg hugmynd, en við fleygðum okkur bara í djúpu laugina og tókumst á við verkefnið," segir Erna, og segir enga eftirsjá í því að hafa gert það, nú þegar útkoman liggur fyrir. „Við erum mjög ánægð með það hvernig til hefur tekist."

Blaðamaður hefur haft spurnir af fólki sem þegar hefur fengið að glugga í bókina, og viðbrögð virðast öll á sama veg. „Stórfenglegt meistarastykki," sagði einn af forystumönnum í íslensku listalífi, en Einar segir að svoleiðis orð sé erfitt að hafa eftir, slíkt orðfæri hefði ekki hvarflað að þeim, jafnvel ekki í auglýsingatexta.

Kjarval var engin fígúra

Erna segir að vinnan við bókina hafi um margt breytt sýn þeirra á Kjarval. „Hann var stöðugt að koma á óvart, bæði verkin, sem eru svo ótrúlega fjölbreytt, og maðurinn sjálfur. Saga hans er einstök."

Sú mynd sem margir hafa af Kjarval, er myndin af skrýtna sérvitringnum sem lét allt flakka og sat á Þingvöllum dögum saman við að mála hraun. Einar segir að í skrifum sínum hafi Kristín Guðnadóttir markvisst reynt að fella þá mynd af listamanninum, sem virðist hafa verið ofarlega í huga þjóðarinnar. „Sú ímynd að Kjarval hafi verið einhver fígúra virðist hafa verið lífseig. En hann var líka settur á stall sem listamaður. Kristín reynir einmitt hvort tveggja í senn að fókusera á hinn alvarlega listamann, og það að Kjarval var auðvitað bara mennskur. Ég held að henni hafi tekist það mjög vel. Það er ótrúlegt, að hér var hann staddur, í hinu nyrsta norðri, og nær svona langt. Það segir sig sjálft að til þess þurfti bæði einbeitingu og óhemju viljastyrk. Hann hafði líka bæði líkamsþrek og vinnuþrek og ótrúlegt úthald. Hann málaði oft á tíðum dægrunum saman og nærðist varla á meðan. Á einum stað er sagt frá bónda sem færði Kjarval kost þar sem hann var að mála. Þegar hann kom aftur næsta dag, var maturinn óhreyfður. Bóndinn spurði Kjarval hvers vegna hann borðaði ekki, en fékk það svar að til þess hefði ekki gefist neinn tími. Það var svo mikið að gera hjá honum við að fanga augnablikið og stemmninguna í landslaginu. Það er augljóst öllum sem vilja sjá, að Kjarval komst í mjög sterkt samband við umhverfið og landið. Hann náði líka sambandi við aðrar víddir. Hann var því ekki einhamur, hvorki til listarinnar né að sambandshæfileikum," segir Einar.

Erna segir að margt nýtt komi fram í bókinni sem hafi ekki áður verið á almennu vitorði, ekki síst í grein Silju Aðalsteinsdóttur um persónuna, skáldið og fjölskyldumanninn Kjarval. „Silja skapar eiginlega alveg nýja sýn á Kjarval, sérstaklega fjölskyldumanninn." Einar segir að fjölskylda Kjarvals hafi veitt aðgang að miklu magni gagna og mynda, sem ekki hafi verið skoðað áður. „Þetta gefur bókinni miklu meiri vídd. Fjöldi fólks hefur einnig lánað okkur alls kyns prívatgögn og heimildir. Og þótt sumt hafi verið smátt, hefur hvert atriði þétt þann vef og bætt þá sýn sem við höfum á Kjarval og gert myndina af listamanninum betri og skarpari."

Samið verði við sjálfstætt starfandi sálfræðinga

Sérfræðingar á sama sviði

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ ákvarðaði í vikunni að gengið yrði til samninga við sjálfstætt starfandi klíníska sálfræðinga um greiðsluþátttöku hins opinbera í kostnaði sjúkratryggðra við sálfræðimeðferð sem ekki felur í sér lyfjagjöf. Sálfræðingafélag Íslands sendi inn kvörtun varðandi mismunun starfsstétta og vísað var til þess að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafi samið við geðlækna um þátttöku ríkisins í kostnaði sjúkratryggðra við sambærilega meðferð og óumdeilt sé að sálfræðingar og geðlæknar starfi á sama samkeppnissviði hvað hana varðar.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins kemur fram það mat að ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um að ganga ekki til samninga við sjálfstætt starfandi sálfræðinga um greiðsluþátttöku sjúkratryggða við áðurnefnda sálfræðimeðferð raski þeirri samkeppni sem ríkt geti á milli sálfræðinga og geðlækna og fari gegn samkeppnislögum.

Í tilkynningu frá Sálfræðingafélagi Íslands segir að ánægjulegt sé að þessum áfanga hafi verið náð og gefur hann vonir um þáttaskil í geðheilbrigðisþjónustu hér á landi og sé í takt við þá þróun sem átt hafi sér stað í heilbrigðisþjónustu hér á landi sem og í nágrannalöndum. Eðlilegt sé að almenningur hafi aðgang að sérhæfðri sálfræðiþjónustu með greiðsluþátttöku almannatrygginga og rétt til vals hvort óskað sé eftir lyfja- eða viðtalsmeðferð þegar hvort tveggja getur átt við.

„Skoskur Fugladans!"

Við hefjum haustfjörið á sælkeramatseðli úr skoskri fuglavillibráð - matreiddri á okkar rómaða ljúffenga hátt.

Spennandi viðbót fyrir íslenskt matar- og vínáhugafólk.

Við bjóðum upp á 7 rétta sælkeramatseðil eingöngu úr skosku fuglakjöti:

- Amuse Bouche - lystauki
- Villisveppa-cappuccino
- Fasani á romaine salatblöðum og grænum eplaskífum með Arransinnepsdressingu.
- Akurhæna "Partridge" með steiktri svartrót og kryddbökuðum apríkósum.
- Steikt skosk rjúpa "Grouse" framreidd með íslenskum kantarellusveppum "à la crème" og sultuðum rauðlauk á smjördeigi ásamt freyðandi foie gras sósu.
- Stökksteikt andabringa með soðgljáðum rauðrófum og heitu hvítkálssalati með vínberjum og furuhnetum. Framreidd með Drambuie-sósu.
- Volg kryddkaka með karamelluseruðum rabarbara og timjanilmuðum skyrís

eða

- Súkkulaðiterta "Manjari" með bláberja- og rjómaís.

Verð: *7.500 krónur.*

Með matseðlinum verða valin vín á sérverði.

Vinsamlegast pantið borð í síma **511 6677** eftir kl 14:00

HÓTEL ÓÐINSVÉ ÞÓRSGATA 1 SÍMI: 511 6677 www.siggihall.com

Vinsamlegast athugið. Þessi matseðill verður í boði fram að okkar glæsilega jólaveisluborði sem hefst 18. nóvember.